

Nóvember 2020



# Viðspyrna fyrir Ísland

Framhald aðgerða til að  
skapa viðspyrnu við áhrifum  
heimsfaraldurs kórónaveirunnar



# Upplýsingar um aðgerðir vegna COVID-19 kynntar 20 nóvember 2020

Á blaðamannafundi ríkisstjórnar þann 20. nóvember 2020 voru kynntar umfangsmiklar aðgerðir til stuðnings við atvinnuleitendur, lífeyrisþega, barnafjölskyldur, félagslega viðkvæma hópa og fyrirtæki. Eftirfarandi er yfirlit yfir aðgerðir, lýsing á þeim og áætlað umfang.

## Yfirlitinu er skipt í þrennt:

- I. Almennar félagslegar aðgerðir
- II. Viðspyrnuaðgerðir fyrir fyrirtæki
- III. Sérstækar félagslegar aðgerðir

# I. Almennar félagslegar aðgerðir

## Aðgerðir fyrir atvinnuleitendur

### Hlutabótaleiðin framlengd

Hlutabótaleiðin verður framlengd í þeirri mynd sem nú er í gildi fram til 31. maí 2021. Að lágmarki þarf starfsmaður að vera í 50% starfshlutfalli til að unnt sé að sækja um hlutabætur.

### Hækkun atvinnuleysisbóta með viðbótarálagi á grunnbætur árið 2021

Áætlað umfang: 2 milljarðar króna

Greitt verður 2,5% viðbótarálag á grunnbætur atvinnuleysistrygginga á árinu 2021. Álagið kemur til viðbótar þeirri 3,6% hækkun sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga. Heildarhækkun grunnbóta nemur þá 6,2%, 17,920 krónum, og yrðu þær 307.430 kr eða sem nemur 87,5% af lágmarksdagvinnutekjutryggingu 1. janúar 2021.

### Greiðslur vegna framfærsluskyldu barna verða áfram 6% út árið 2021

Áætlað umfang: 800 milljónir króna

Greiðslur vegna framfærslu barna atvinnuleitenda verða 6% af grunnbótum út árið 2021. Þetta er framlenging á tímabundinni hækkun úr 4% í 6% af grunnbótum sem áður var kynnt fyrir tímabilið 1. júní til 31. desember 2020. Vegna framfærslu hvers barns greiðast 18,446 krónur á mánuði með breytingunni.

### Desemberuppbót til atvinnuleitenda

Áætlað umfang: 1,4 milljarðar króna

Greidd verður desemberuppbót til atvinnuleitenda. Full desemberuppbót verður 86.853 og er greidd þeim sem eru í staðfestri atvinnuleit á tímabilinu 20. nóvember – 3. desember og hafa verið án atvinnu í a.m.k. 10 mánuði á árinu 2020. Aðrir fá hlutfallslega uppbót í samræmi við tíma atvinnuleysis.

Úrræðið gildir bæði fyrir atvinnuleitendur í almenna bótakerfinu og hlutabótakerfinu.

## Aðgerðir fyrir örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega

### Eingreiðsla til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega

Áætlað umfang: 1 milljarður króna

Greidd verður 50.000 kr eingreiðsla til þeirra örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega sem eiga rétt á lífeyri á árinu 2020. Greiðslan greiðist út eigi síðar en

18. desember. Hafi bætur verið greiddar hluta ársins skal eingreiðslan vera í hlutfalli við greiðsluréttindi.

### **Viðbótarhækkun til tekjulágra örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega**

*Áætlað umfang: 1,2 milljarðar króna*

Gerðar verða varanlegar breytingar á örorku- og endurhæfingarlífeyri almanna-trygginga frá 1. janúar 2021. Dregið verður úr innbyrðis skerðingum í kerfinu sem skilar tekjulægstu örorkulífeyrisþegunum 7980 kr. viðbótarhækkun á mánuði umfram þá 3,6% hækkun sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021. Heildarhækkun bóta almennatrygginga til tekjulægstu lífeyrisþeganna verður því 19.700 kr. eða 6,1% um áramót.

### **Aðgerðir fyrir barnafjölskyldur**

#### **Skerðingarmörk barnabóta hækkun**

*Áætlað umfang: 830 milljónir króna*

Skerðingarmörk í barnabótakerfinu verða frá áramótum hækkun úr 3.900.000 kr. á ári (325.000 kr/mánuði) í 4.200.000 kr. á ári (350.000 kr/mánuði) hjá einstæðum foreldrum og úr 7.800.000 kr. á ári í 8.400.000 kr. á ári hjá hjónum/sambúðarfólki. Breytingin skilar einstæðum foreldrum með tvö börn og mánaðartekjur á bilinu 350.000 til 580.000 kr. um 30.000 kr. hækkun barnabóta á ári. Fyrir hjón/sambúðarfólk með tvö börn og samanlagðar mánaðartekjur á bilinu 700.000 til 920.000 kr. hækka barnabætur um 60.000 kr. á ári.

#### **Viðbótarstuðningur til tómstundaiðkunar barna af lágtekjuheimilum verður framlengdur.**

*Áætlað umfang: 900 milljónir á árunum 2020-2021*

Opnað hefur verið fyrir umsóknir á sérstökum íþrótta- og tómstundastyrkjum fyrir börn sem búa á tekjulægri heimilum þar sem markmiðið er að jafna tækifæri þeirra til þátttöku í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi. Styrkirnir koma til viðbótar hefðbundnum íþrótta- og tómstundastyrkjum sveitarfélaga. Alls verður um 900 milljónum króna varið í verkefnið árin 2020 og 2021 en Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, kynnti aðgerðina í vor og er hún hluti af aðgerðapakka sem ætlað er að veita mótvægi vegna þeirra áhrifa sem Covid-19 faraldurinn hefur haft á afkomu efnaminni heimila í landinu. Ákveðið hefur verið að framlengja aðgerðina inn á árið 2021. Í framhaldinu verður ráðist í vitundavakningu í samstarfi við menntamálaráðuneytið, sveitarfélög, Íþrótta-samband Íslands og Ungmennafélag Íslands.“

**Desemberuppbót til foreldra langveikra og alvarlegra fatlaðra barna**

*Áætlað umfang: 3 milljónir*

Foreldri langveiks eða alvarlega fatlaðs barns sem fær greiðslu í desember 2020 samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna á rétt á desemberuppbót að fjárhæð 61.840 kr. enda hafi foreldrið fengið mánaðarlegar greiðslur allt árið 2020.

Foreldri sem hefur fengið greiðslur skemur en tólf mánuði á árinu 2020 á rétt á hlutfallslegri desemberuppbót í samræmi við þann tíma sem foreldrið hefur fengið greiðslur á árinu samkvæmt lögum um greiðslur til foreldra langveikra eða alvarlega fatlaðra barna. Miða skal við 1/12 fyrir hvern mánuð. Desemberuppbót skal þó aldrei nema lægri fjárhæð en 15.460 kr.

## II. Viðspyrnuaðgerðir fyrir fyrirtæki

### Viðspyrnustyrkir

Áætlað umfang er óvísst og fer eftir ásókn í styrkinn. Áætlað er að heildaráhrif geti ekki orðið meiri en 20 milljarðar á tímabilinu.

Frumvarp um viðspyrnustyrki hefur verið samþykkt í ríkisstjórn og bíður þinglegrar meðferðar. Í frumvarpinu koma fram eftirfarandi skilyrði:

Rekstraraðilar sem hafa orðið fyrir a.m.k. 60% tekjufalli í almanaksmánuði á tímabilinu frá 1. nóvember 2020 til og með 31. maí 2021, samanborið við sama almanaksmánuð árið 2019, geta fengið styrk úr ríkissjóði til að mæta rekstrarkostnaði í mánuðinum. Áskilið er að tekjufallið stafi af heimsfaraldri kórónuveiru eða aðgerða stjórnvalda til að hefta útbreiðslu hennar.

### Tvö viðmið um tekjufall eru notuð til grundvallar útreiknings styrkfjárhæðar:

1. 60-80% tekjufall: 400 þúsund króna hámarksstyrkur fyrir hvert stöðugildi, að hámarki 2 milljónir króna.
2. 80-100% tekjufall: 500 þúsund króna hámarksstyrkur fyrir hvert stöðugildi, að hámarki 2,5 milljónir króna.

Fjárhæð viðspyrnustyrks skal vera að hámarki 90% af rekstrarkostnaði, þó aldrei hærri en sem nemur tekjufallinu á viðkomandi tímabili.

Til að koma til móts við þá einyrkja og minni rekstraraðila sem höfðu lítinn sem engan rekstrarkostnað á tímabilinu vegna þess að starfsemin var í lágmarki vegna faraldursins er heimilað að miða rekstrarkostnað við reiknað endurgjald í sama almanaksmánuði í skattframtali vegna rekstrarársins 2019.

Til að hljóta styrk þurfa umsækjendur að auki að uppfylla öll önnur skilyrði frumvarpsins, svo sem um skattskyldu á Íslandi, tekjur að lágmarki 500 þúsund krónur frá 1. janúar 2020 til loka október 2020, skilvísí á opinberum gjöldum og gögnum til skattsins og um að hafa ekki verið teknir til slita eða gjaldprotaskipta.

Líkt og gildir um lokunarstyrki og tekjufallsstyrki er lagt til að bæði umsóknar- og ákvörðunarferli verði rafrænt og að framkvæmdin verði falin Skattinum. Jafnframt að ákvarðanir hans sæti kæru til yfirskattsnefndar.

## III. Sértaekar félagslegar aðgerðir

### Aðgerðir fyrir aldraða

#### Efling á félagsstarfi fullorðinna í samvinnu við sveitarfélög

Áætlað umfang: 125 milljónir króna

Um er að ræða mótvægisáðgerð fyrir viðkvæma hópa til að vinna gegn áhrifum COVID-19 faraldursins. Félagsstarfi fullorðinna hefur verið þröngur stakkur sniðinn vegna hertra sóttvarnaráðstafana. Þrátt fyrir að félagsmiðstöðvarnar séu opnar þá liggur allt formlegt starf niðri og fáir eru á ferli. Um leið og smitum fækkar er mikilvægt að lögð verði sérstök áhersla á að virkja fólk til þátttöku á nýjan leik. Leggja þarf áherslu á frístundaiðkun, geðrækt, hreyfingu og forvarnir með það að markmiði að auka lífsgæði og heilbrigði, fyrirbyggja og draga úr félagslegri einangrun og ótímabærri stofnanavistun. Sumarið 2020 gafst sveitarfélögum kostur á að sækja um sérstakt fjárframlag til að auka við starfsemi og þjónustu umfram hefðbundið starf. Sú tilraun gafst vel og verður leikurinn því endurtekinn þegar aðstæður í samfélaginu leyfa.

#### Spornað gegn félagslegri einangrun

Áætlað umfang: 5 milljónir króna

Rafræn þjónusta (skjáheimsóknir) og úthringiþjónusta verður eflid í samvinnu við sveitarfélög og félagasamtök. Landsamband eldri borgara (LEB) kom á símavinaverkefni í mars/apríl, í samstarfi við sveitarfélög, þar sem þau óskuðu eftir sjálfboðaliðum á meðal eldri borgara til að vera símavinir einangraðra eldri borgara. Eftirspurn varð eftir þjónustunni enda ljóst að margir aldraðir einstaklingar fóru í sjálfskipaða sóttkví þegar faraldurinn stóð sem hæst. Slíkar aðstæður geta haft alvarleg og langvinn áhrif á þá sem eiga fáa eða enga aðstandendur. Hertar sóttvarnaráðstafanir hafa skapað sambærilegar aðstæður nú í þriðju bylgju faraldurs. Fé verður veitt til að styrkja þetta verkefni:

- 4 milljónum króna verður veitt til RKÍ í að halda sjálfboðaliðanámskeið fyrir eldri borgara sem vilja verða símavinir.
- 1 milljón króna verður veitt til LEB í að auglýsa eftir sjálfboðaliðum meðal sinna félagsmanna.

### Aðgerðir fyrir fatlað fólk og börn

#### Vitundarefling – fræðsla fyrir fatlað fólk

Áætlað umfang: 3 milljónir króna

Fræðslumyndband fyrir fatlað fólk verður unnið og því dreift á samfélagsmiðlum. Þetta er til að bregðast við ábendingum hagsmunaaðila fatlaðs fólks um margir í

þeim hópi finni fyrir einmannaleika á tímum heimsfaraldurs. Hluti þessa hóps hefur nú sín einu samskipti í gegnum samfélagsmiðla en það búa ekki allir yfir nægilegri kunnáttu til að nýta tæknina til fulls. Til að efla færni þarf því að útbúa fræðslu og leiðbeiningar. Hér er um klára forvarnaaðgerð að ræða sem fellur undir að vera viðeigandi stuðningur með beinni tilvísun í Samning Sam- einuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

### **Félagsstarf í vetur og næsta sumar**

*Áætlað umfang: 285 milljónir króna*

Þessi aðgerð er tvíþætt:

#### **i. Aukinn stuðningur við félagsstarf fyrir fullorðið fatlað fólk**

Um er að ræða mikilvæga mótvægisáðgerð fyrir einn viðkvæmasta hópinn til að vinna gegn áhrifum hertra sóttvarnaráðstafana í kjölfar COVID-19 faraldursins. Með auknu fjármagni er hægt að efla það félagsstarf sem fyrir er og virkja fleiri til þátttöku.

#### **ii. Félagslegur stuðningur við fötluð börn og ungmenni og stuðningur við foreldra fatlaðra barna og ungmenna**

Á tímum heimsfaraldurs hafa margar fjölskyldur fatlaðra barna valið að fara í sjálfskipaða sóttkví til að forðast smit. Álag af völdum skertrar þjónustu ásamt ótta við smit getur valdið umtalsverðu álagi hjá fjölskyldum. Mótvægisáðgerðir sem draga úr álagi geta skipt sköpum og komið í veg fyrir alvarlegar og langvinnar afleiðingar af völdum þess.

- a.** Liðveislutímar í Reykjadal: Fötluðum börnum og ungmennum verður úthlutað auka stuðningstímum til viðbótar almennum stuðningi sveitarfélagsins. Hægt verður að nýta virka daga eftir skóla ásamt því að nýta helgar nú strax í vetur. Það er staðreynd að flest fötluð börn og ungmenni þarfnast fleiri liðveislutíma en þau fá. Sérstaklega núna vegna áhrifa heimsfaraldurs. Auknir liðveislutímar myndu vera gott svar við félagslegum áhrifum af COVID-19 faraldrinum í vetur.
- b.** Helgarfrí fyrir fjölskyldur fatlaðra og langveikra barna: Boðið verður upp á sameiginlegt helgarfrí fyrir fjölskyldur og börn í vetur. Þetta er áframhald verkefnis sem gekk afar vel í Vík í Mýrdal sl. sumar.
- c.** Félagsstarf fatlaðra barna og ungmenna sumarið 2021: Áframhald og efling á verkefnum s.s. ævintýrabúðir, námskeið og fjölskyldudvöl á hóteli með stuðningi sem sett voru í gang sumarið 2020 og gáfu afar góða raun.



**Átak vegna biðlista Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins***Áætlað umfang: 80 milljónir króna*

Nú eru 340 börn á biðlista hjá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins (GRR). Framlagið mun gera það að verkum að biðlistinn fari niður í 200 börn fyrir árslok 2021. Markhópurinn verður fyrst og fremst börn á aldrinum 2ja – 6 ára. Biðlistinn í þeim aldurshópi náist niður úr 214 börnum í 70. Hér er þó rétt að taka það fram að sé um alvarlegar raskanir að ræða er og verður biðtími styttri. Tekið skal fram að staðan er nú þannig hjá GRR að börn á aldrinum 0 – 2ja ára þurfa öllu jöfnu ekki að bíða eftir þjónustu. Markmiðið er að meðalbiðtími í lok árs 2021 verði aldrei lengri en 10 mánuðir og unnið að aðgerðum til að tryggja að í framhaldinu styttest sá tími enn frekar. Munu þær aðgerðir m.a. byggja á sameiginlegri greiningu félagsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis á biðlistum barna eftir greiningu og meðferð hjá BUGL, þroska- og hegðunarstöð og svo Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.

**Félagslegar aðgerðir fyrir innflytjendur****Aukin starfsemi Fjölmeningarseturs og efling heimasíðu***Áætlað umfang: 20 milljónir króna*

Sett verður á fót ráðgjafarstofa fyrir innflytjendur sem áætlað er að verði opnuð í janúar. Þangað geta innflytjendur leitað til þess að afla sér upplýsinga og leiðbeininga um aðstoð og þjónustu sem í boði er. Nauðsynlegt er að geta vísað á upplýsingasíðu sem hönnuð er sérstaklega með þarfir innflytjenda í huga. Fjölmeningarsetur hefur haldið úti slíkri síðu en nauðsynlegt er að ráðast í tæknilegar endurbætur á þeirri síðu. Ráðist verður í nauðsynlegar tæknilegar endurbætur á vefsíðu Fjölmeningarseturs til þess að mæta þeirri þörf og samhliða þeirri vinnu verður tímabundið, eða í sex mánuði, aukið starfshlutfall vefsumsjónarmanns Fjölmeningarseturs. Auk þess verður aukið starfshlutfall ráðgjafa hjá Fjölmeningarsetri um 50% út árið 2021 til þess að mæta aukinni þörf fyrir þjónustu og ráðgjöf vegna áhrifa Covid-19.

Þessum aðgerðum er ætlað að efla upplýsingaflæði til innflytjenda sérstaklega. Innflytjendur eru meðal þeirra hópa sem COVID-19 hefur haft hvað mest áhrif á. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá er nú um 41,5% en hingað til hefur atvinnuþátttaka innflytjenda verið hvað mest héraðs í samanburði við OECD-löndin. Ábendingar frá Vinnumálastofnun og félagsþjónustu sveitarfélaga og annarra stofnana sýna að mikið álag er á þjónustu fyrir innflytjendur og margir sem þurfa aðstoð við flókin úrlausnarefni en þekkja ekki stofnanaumhverfi á Íslandi. Þá hafa komið ábendingar um að í mörgum tilvikum séu innflytjendur ekki meðvitaðir um þá aðstoð sem er í boði og leiti seint eftir aðstoð.

**Virkniúrræði fyrir ungmenni (16-19 ára) af erlendum****uppruna sem eru hvorki í vinnu né námi***Áætlað umfang: 20 milljónir króna*

Viðbótarfjármagni verður veitt í þróunarsjóð innflytjendamála til verkefna fyrir ungmenni af erlendum uppruna sem hvorki eru í vinnu né námi.

Staða innflytjenda er sérstaklega viðkvæm í ljósi COVID-19 og á það bæði við um börn og fullorðna. Samkvæmt tölum Hagstofunnar eru vísbendingar um að staða ungmenna af erlendum uppruna, sem eru hvorki í skóla né á vinnu-markaði (NEET), sé mikið áhyggjuefni. Nýlega voru tölur vinnumarkaðsrannsóknar fyrir þennan hóp greindar eftir uppruna og kom þá í ljós að 39% af 19 ára gömlum stúlkum af erlendum uppruna voru hvorki í vinnu né námi árið 2018 og 31% drengja. Hluti af skýringunni kann að vera að einhver hluti af hópnum hafi flust erlendis og teljist enn með í tölfræðigögnunum en óháð því þá er um mjög hátt hlutfall að ræða. Sé litið yfir aldurshópinn í heild þá eru 24,1% einstaklinga af erlendum uppruna hvorki í námi eða vinnu. Gera má ráð fyrir að staða þessa hóps sé sérlega viðkvæm núna í ljósi Covid-19 þar sem framboð á atvinnutækifærum er mjög takmarkað og aukin hættu er á brotthvarfi úr framhaldsskólum vegna áhrifa samkomutakmarkana, skerts skólastarfs og félagslegrar einangrunar. Nauðsynlegt er að grípa til aðgerða vegna þessa hóps núna þar sem hættu er á langvarandi afleiðingum fyrir þessi ungmenni sem þurfa sérstaka aðstoð við að komast í virkni, hvort sem það er í nám eða á vinnumarkað.

**Félagslegar aðgerðir  
fyrir innflytjendur****Efling félagsstarfs fyrir börn í viðkvæmri stöðu***Áætlað umfang: 125 milljónir króna*

Stór hópur barna í viðkvæmri stöðu á Íslandi naut á liðnu sumri sérstakra sumarúrræða og þótti átakið gefa mjög góða raun. Rannsóknir benda til þess að andleg líðan barna hafi farið versnandi í yfirstandandi heimsfaraldri Covid-19. Mörg börn eru einmanna og einangruð auk þess sem þau eru í aukinni hættu á að verða fyrir ofbeldi og vanrækslu á heimilum sínum. Hafa sérfræðingar lagt mikla áherslu á að börn fái notið ýmiskonar tómsunda og samveru við önnur börn á sama aldri. Horft er sérstaklega til aldurshópsins 12-16 ára með áherslu á að leita einstaklingsbundinna leiða til að ná til þess hóps sem hvað síst sækir reglubundið íþrótta- og tómsundastarf.

**Framlengdur stuðningur til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til að sinna  
auknum forvörnum og stuðningi við börn í viðkvæmri stöðu***Áætlað umfang: 15 milljónir króna*

Markmiðið er að draga úr ofbeldisbrotum barna á milli. Ofbeldishegðun unglunga er áhættuhegðun sem lögreglan og þeir sem starfa með börnum hafa töluverðar áhyggjur af enda hafa rannsóknir sýnt að ofbeldismenning er útbreidd meðal ungmenna á Íslandi. Meðan heldur hefur dregið úr annarri áhættuhegðun unglunga á tímum Covid-19 virðist ofbeldishegðun stórs hóps þeirra hafa aukist til muna. Mikilvægt er að áframhald verði á samstilltu starfi lögreglu með þátttöku aðila sem starfa með börnum til að snúa við því útbreidda viðhorfi meðal ungmenna að líkamsárásir og áhættuhegðun séu eðlileg og jafnvel eftirsóknarverð hegðun. Verkefnið var af þátttakendum talið mjög árangursríkt og mikil hvatning er til að halda því áfram.

### Aukinn stuðningur við ART verkefnið

*Áætlað umfang: 50 milljónir króna*

ART verkefnið er úrræði fyrir börn og unglunga með tilfinninga- og hegðunarvanda. ART er bæði notað í forvarnarskyni og sem meðferðarform en úrræðið byggir á þremur meginþáttum a) reiðistjórnun, b) félagsfærni og c) eflingu siðferðisþroska. Úrræðið hefur einkum verið í boði í leik- og grunnskólum á Suðurlandi en víða hafa þó önnur sveitarfélög boðið upp á ART námskeið. Í rannsóknum og úttektum sem gerðar hafa verið á ART hefur komið í ljós að notendur hafa verið ánægðir með úrræðið og að mati kennara og skólustjórna hafa ART dregið úr óæskilegri hegðun barna sem hafa tekið þátt í meðferðarformi úrræðisins, félagsleg færni þeirra aukist, sem og samskipti við fjölskyldur barnanna.

### Aðgerðir fyrir félagasamtök sem styðja við viðkvæma hópa

#### Styrkir til frjálsra félagasamtaka

*Áætlað umfang: 80 milljónir króna*

Gildi frjálsra félagasamtaka er mikið þegar bæta þarf nýjum og skapandi lausnum inn í þjónustu við viðkvæma hópa á COVID-19 tímum. Lausnum sem hefðbundnir opinberir þjónustuaðilar hafa ekki tök á að sinna. Innan frjálsra félagasamtaka starfa fjöldi fólks sem vill láta gott af sér leiða, fólk sem hefur náð trausti meðal jaðarsettra hópa og þeirra sem búa við einhverskonar erfiðleika eða vanlíðan. Aðsókn í þjónustu félagasamtaka hefur aukist talsvert frá því að COVID-19 faraldurinn hófst. Á þetta bæði við um samtök sem veita þjónustu vegna ýmissa erfiðleika s.s. andlegrar vanlíðunar og einnig samtök sem veita fjárhagslegan stuðning eins og mataraðstoð. Reiknað er með að um tímabundið skeið erfiðleika sé að ræða þar til bóluefni finnst og verður komið í almenna notkun. Frjáls félagasamtök eru afl sem æskilegt er að virkja við þessar aðstæður.

Styrkir til félagasamtaka eru þríþættir:

- Styrkja þarf félagasamtök sem þjónusta hópa sem upplifa einangrun og

andlegt álag vegna COVID-19 (40 mkr): Sem dæmi má nefna Rauða krossinn, Landssamband eldri borgara, Bergið, Hugarafl, Alzheimersamtökin, Grófina Akureyri og Píeta.

- Styrkja þarf hjálparsamtök sem sinna mataraðstoð (20 mkr): Sem dæmi má nefna Fjölskylduhjálp Íslands, Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn og Mæðrastyrksnefndir. Hjá Hjálparstarfi kirkjunnar hafa beiðnir um efnislega aðstoð aukist um 40% í sumar og haust. Fjölskylduhjálp Íslands merkir einnig aukningu. Jóláaðstoðin er umfangsmikil hjá öllum hjálparsamtökum ár hvert og búa þau sig nú undir að mæta enn meira álagi fyrir komandi jól vegna COVID-19 áhrifa. Hjálpræðisherinn býður upp á hátíðarmat fyrir fólk í viðkvæmum hópum og þá sem eru einir á aðfangadag jóla. Síðustu ár hafa um 250-300 manns skráð sig og komið í jólamatinn. Samhliða verða gerðar kröfur um breytt verklag í samræmi við niðurstöður könnunar og tillögur sem félagsvísindastofnunun vinnur að fyrir ráðuneytið.
- Styrkja þarf félagasamtök á sviði neytendaverndar og hagsmuna heimilanna í kjölfar COVID-19 (20 mkr.): Málum hjá Neytendasamtökunum hefur fjölgað mjög á tímum COVID-19. Ástæðan er fyrst og fremst sú að á tímum þar sem fyrirtæki og þjónustuveitendur upplifa samdrátt og íþyngjandi opinber inngrip á borð við sóttvarnarráðstafanir sem bitna á rekstrinum er hættu á því að réttindi neytenda séu hrifsuð af þeim. Hér hefur þetta til dæmis birst í málum sem lúta að flugviðskiptum, leigjendum, iðnaðar- mönnum og fleiru.

### Aðgerðir fyrir heimilislaust fólk

#### Áframhaldandi þjónusta við heimilislausa 2021

Áætlað umfang: 42,5 milljónir króna

Mikilvægt er að styðja áfram við aðgerðir á landsvísu til að draga úr áhættu á smiti meðal heimilislausra, bæði kvenna og karla, og tryggja fullnægjandi aðbúnað þeirra. Lagt er til að samið verði við Reykjavíkurborg um að sinna áfram þjónustu við hópinn án tillits til lögheimilis. Víðtækar lokanir í samfélaginu hafa mikil áhrif á jaðarsetta einstaklinga sem ekki hafa yfir að ráða fullnægjandi heimilisaðstöðu. Úrræði sem hafa verið í boði fyrir hópinn eru mörg hver lokuð eða með skerta þjónustu út af sóttvarnaráðstöfunum. Neyðarskýlin eru opin en það vantar viðbótarþjónustu sem tekur mið af stöðunni í samfélaginu.

### Aðgerðir til að styðja við heimilin

#### Fólk þekki sinn rétt : Velferðarreiknir og ráðgjöf á netinu

Áætlað umfang: 40 mkr

Á tímum samdráttar, þegar atvinnuleysi eykst og breytingar verða á högum fólks þá fjölga þeim heimilum sem þarfnast stuðnings og ráðgjafar. Mikilvægt er að stjórnvöld sinni leiðbeiningaskyldu ásamt því að bjóða upp á stuðning

og ráðgjöf. Um þessar mundir benda margir á að fólk viti ekki hvert það eigi að leita og hvar það eigi rétt á aðstoð, m.a. hjá þeim sem leita til hjálparsamtaka eftir matarúthlutunum. Til að mæta þessu verður staðið að upplýsingarinn-  
gripum. Ýmsar rafrænar réttindareiknivélar eru nú þegar til en þær eru ekki til sameinaðar í einni reiknivél. Með öflugum velferðarreikni væru kortlögð og framsett á einum stað þau úrræði sem velferðarþjónustan hefur á hverjum tíma og sköpuð einföld og heildræn mynd af samspili bóta og hvers kyns þjónustu í velferðarkerfinu.

**Aðgerðir varðandi  
greiðsluferfiðleika heimila:**

Sett verður af stað viðbragðsteymi um fjárhagsstöðu heimila á vettvangi félags-  
málaráðuneytis. Þar verða meðal annars fulltrúar frá fjármálastofnunum, hags-  
munasamtökum og umboðsmanni skuldara. Teymið mun vakta fjárhagsstöðu og  
greiðsluferfiðleika heimila náið á næstu mánuðum og koma með ábendingar og  
tillögur um aðgerðir.